


Köllun eftir auknum fjárlögum í Fornminjasjóð

Félag fornleifafræðinga lýsir yfir áhyggjum vegna lágs framlags í Fornminjasjóð síðustu ár, sem hefur haft slæmar afleiðingar á fornleifarannsóknir. Ljóst er að þörfin á auknu fjármagni er mikil. Fjölmargir fornleifafræðingar hafa haft samband við félagið og lýst yfir áhyggjum og óánægju varðandi sjóðinn. Við óskum eftir að málið verði tekið til skoðunar og vonumst eftir auknu fjármagni.

Fornminjasjóður er helsti faglegi íslenski sjóðurinn sem fornleifafræðingar sækja um fjármagn í til rannsókna sinna. Fáir fornleifafræðingar eru með föst heilsárslaun og er sjóðurinn afar mikilvægur sjálfstætt starfandi fornleifafræðingum og starfsumhverfi þeirra, ekki síður þeim sem vinna við fornleifarannsóknir í föstum stöðum. Eins og staðan er í dag er erfitt að stunda fornleifarannsóknir án aðstoðar frá sveitarfélögum, áhugamannafélögum eða öðrum sem sýna rannsóknum á þessi sviði áhuga.

Félag fornleifafræðinga er fagfélag fornleifafræðinga á Íslandi í því eru 153 félagsmenn, þar af eru 102 aðalfélagar, sjá rit. Til þess að verða samþykktur sem aðalfélagi í félagið þarf viðkomandi að hafa lokið háskólagráðu í fornleifafræði. Aðalfélögum hefur fjölgað um 30% frá árinu 2013 til dagsins í dag. Þá hafa nemendum í fornleifafræði við Háskóla Íslands fjölgað ört og eru með aukaaðild.



Aðeins lítill hluti þeirra sem sækja um rannsóknarstyrki í sjóðnum hljóta styrki til verkefna. Fornminjasjóður styrkir skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fornleifaskráningu, uppgröft, úrvinnslu rannsókna, miðlun, útgáfu, varðveislu og viðhald minja, varðveislu og viðhald báta og skipa. Í allt þetta voru einungis veittar 41.360.000 krónur

Þetta árið og fengu aðeins 16 verkefni styrk, en umsóknirnar voru 60 talsins. Um 73% umsókna hlutu ekki styrk í ár.

Þá fer styrkupp hæðin lækkandi en í fyrra var styrkupp hæðin 41.980.000 kr. Ef til hliðsjónar er höfð aukning aðalfélaga í Félagi fornleifafræðinga frá árinu 2018 til dagsins í dag þá hefur aðalfélögum fjölgað um 26% en sjóðurinn lækkað um 10%, sjá töflu.

Virðist það vera sem svo að vísindamenn séu að gefast upp á að sækja um í sjóðinn því líkurnar á að hljóta styrk eru ekki nægilega miklar og tímafrekt er að útbúa umsókn. Frá árinu 2018 hefur umsóknum fækkað um 22%, sjá töflu.

Ártal	Styrkupp hæð (kr.)	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Félagatal
2018	45.670.000	77	20	109 (þar af 75 aðalfélagar)
2020	41.360.000	60	16	153 (þar af 102 aðalfélagar)
	Um 10% lækkun			Félagsmönnum hefur fjölgað um 29% (aðalfélögum hefur fjölgað um 26%)

Fornleifafræðilegar rannsóknir eru af ýmsum toga en hafa allar þann tilgang að skapa þekkingu fyrir landið allt. Oft er sú þekking ný og hvergi að finna í sögubókum eða öðrum heimildum en fornleifunum sjálfum. Þessa þekkingu er hægt að nýta í ferðaþjónustu á hverjum stað, kennslu, t.d. átthagakennslu í skólum, og til styrkingar sjálfsmýndar samfélags og einstaklinga. Fornleifarannsóknir og skráningarverkefni gagnast öllu samfélaginu, ekki aðeins fornleifafræðingum og skila að auki tekjum til annarra starfsstétta. Til að mynda greiða fornleifafræðingar fyrir gistingu, ferðir, mat og vinnuvélar og skapa þannig tekjur og atvinnu í samfélaginu þar sem rannsóknir fara fram.

Félag fornleifafræðinga hvetur ráðherra mennta- og menningarmála eindregið til að beita sér fyrir auknum fjárframlögum í fornminjasjóð til að styðja við þekkingarsköpun og miðlun þeirrar þekkingar í landinu. Vegna þess ástands sem þjóðfélagið stendur nú frammi fyrir, má ætla að atvinna fornleifafræðinga minnki töluvert næsta árið. Núna er því kjörið tækifæri að auka við fjárframlög til fornminjasjóð með sérstöku fjárfestingarátaki eins og hefur verið gert í öðrum greinum.

Bestu kveðjur,
stjórn Félags fornleifafræðinga